REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o.fl.

1. gr.

		Kr.
	Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	
a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	8 000
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 800
c)	Ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki eftir 1. júlí 1991	1 000

2. gr.

	Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	
a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	8 000
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 800

3. gr.

	Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	
a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	12 000
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 800

4. gr.

	Önnur gjöld eru:	
a)	Innritun í vörumerkjaskrá	1 300
b)	Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	950
c)	Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til	950
d)	Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969	1 300

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 ..... 28 000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar.

Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 608, 15. desember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.